



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur á skiptistöðinni Ártúni í þágu strætisvagnafarþega

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 24. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur á skiptistöðinni Ártúni í þágu strætisvagnafarþega.

Lagt er til að eftirfarandi úrbætur verði gerðar á skiptistöðinni Ártúni í þágu strætisvagnafarþega.

- Skjólsgóð og upphitugóð skýli verði sett upp á báðum biðstöðvum skiptistöðvarinnar.*
- Upplýsingagjöf til farþega verði bætt, t.d. með uppsetningu leiðakorts, leiðataflna og rauntímabúnaði, sem sýnir hvenær vagnar eru væntanlegir á stöðina.*
- Ruslakörfum verði fjölgað og svonefnd stubbahús sett upp til að auka hreinlæti á og við skiptistöðina.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 31. maí sl.

Umsögn:

Strætóstöðin við Ártún er með stærri stöðvum í leiðaneti Strætó, með yfir 2.100 innstig á dag árið 2019, á öllum 4 hlutum stöðvarinnar. Þrátt fyrir að vera mikið notuð er töluvert um skemmdarverk á stöðvunum og hefur m.a. rekstraraðila götugagna í borginni þess vegna verið heimilað að fjarlægja gler úr skýlum við Vesturlandsveg og setja blikkplötur þess í stað. Leiða má líkum að því að ástæða skemmdarverka sé hve faldar stöðvarnar við Vesturlandsveg eru og fjarlægð frá annarri byggð.

Fyrirséð er að ný stöð við Krossamýrartorg á Ártúnshöfða taki við sem skiptistöð fyrir leiðir almenningsgangna, við innleiðingu á nýju leiðaneti strætó í tengslum við Borgarlínu. Þegar sú stöð verður tekin í notkun munu stöðvar Ártúns A og B (við Vesturlandsveg) ekki lengur verða þjónustaðar, en stöðvar C og D (við Breiðhöfða) verða áfram. Á Krossamýrartorgi verða rauntímaupplýsingar ásamt öðrum götugögnum sem fylgja Borgarlínustöðvum, m.a. leiðarkort, -töflur og ruslatunnur svo eitthvað sé nefnt.

Miðað við fyrirhugaðar breytingar í tengslum við uppbyggingu Borgarlínu og sögu um skemmdarverk er ljóst að ekki er ráðlagt að fara í umtalsverða fjárfestingu á stöðvunum við Ártún, eins og ný skýli og/eða upphitugóð. Langt er í tengingu fyrir rafmagn og kostnaður vegna heimtauga mikill. Reykjavík er með tilraunaverkefni í gangi með rauntímaupplýsingar á strætóstöðvum, í samvinnu við Strætó, þar sem heimtaugar eru dýrar, s.s. á Laugavegi við Hátún og á Háaleitisbraut við Austurveg. Verið er að skoða búnað sem gengur fyrir



mismunandi afgangum, s.s rafmagni úr ljósastaurum, útskiptanlegum rafhlöðum og/eða sólarrafhlöðum. Staðsetning á þessum búnaði var ákveðin með það í huga að það sé með auðveldum hætti hægt að skoða ástand og stöðu hans, og sinna mögulegu viðhaldi. Það er möguleiki á að færa skjái eða kaupa nýja og setja upp á Ártúni, en þá verður erfiðara um vik að fylgjast með ástandi þeirra og þeir líklegri, af gefinni reynslu, til að verða fyrir skemmdarverkum. Að stækka tilraunaverkefnið með innkaupum á 2 skjáum til viðbótar kostar um 1.500 þús. kr., en ef keypt er í stærra magni lækkar meðalverð á skjá. Tilraunaverkefnið er vel á veg komið, en þó ekki á þann stað að umhverfis- og skipulagssvið og Strætó séu tilbúin að fara í stærra útboð á þessum skjám í dag, en mögulega verður þekking orðin næg með vorinu.

Strætó sér um upplýsingagjöf til farþega t.a.m. með uppsetningu leiðakorts, leiðataflna og rauntímabúnaðar. Ábending um að fjölga ruslakörfum/stubbahúsum er móttekin og verður skoðuð af rekstri borgarlandsins.

Hugmyndir um upphitun strætóskýli eru áhugaverðar. Fyrir einhverjum árum var gerð tilraun með slík skýli en ekki varð meira úr því verkefni. Mikilvægt er að borgin fylgist vel með þróun þeirra. Samningur við núverandi rekstraraðila skýlanna gildir til 2033. Þeir fjármunir sem eru í fjárfestingaráætlun eyrnamerkir almenningsamgöngum hafa fram til þessa verið nýttir til að bæta aðgengi að strætóstöðvum, búa til nýjar stöðvar og færa til stöðvar til að bæta þjónustu strætó.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri